

Ed.

§2. Nefndarálit

um frv. til laga um heimild fyrir landsstjórnina að reisa betrunarhús og letigarð.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefir ekki getað orðið á eitt sátt í þessu máli.

Meiri hluti nefndarinnar viðurkennir hina afarbrýnu þörf á því að reisa nýtt betrunarhús, í stað hins óhentuga og ófullnægjandi fangahúss í Reykjavík, og í sambandi við það letigarð.

Litur meiri hlutinn svo á, að slíka byggingu eigi að reisa utan Reykjavíkur, þar sem greiðlega mætti fá sæmilegt land till ræktunar matjurta og túns.

Þó undirbúningi málsins sje enn ekki lokið í öllum atriðum, vill meiri hlutinn fallast á frv. óbreytt, þar sem aðeins um heimildarlög er að ræða. Við leggjum því til, að hv. deild samþykki frv. þetta óbreytt.

Alþingi, 2. febrúar 1928.

Jón Baldvinsson,
form.

Ingvar Pálmason,
skrifari og frsm.